

**Fundargerð 101. fundar félagstjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn miðvikudaginn 9. september 2020, kl. 10.00 og var hann rafrænn vegna
ástandsins í samfélaginu (Covid 19), en hluti stjórnar mætti á Grensásveg 16 ,
félagsaðstöðu SLFÍ**

Mættir til fundar:

Sandra B. Franks, formaður SLFÍ viðstödd
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður viðstödd
Jóhanna Traustadóttir, ritari, Reykjavíkureild viðstödd
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri viðstödd
Áslaug Steinunn Kjartansdóttir, Vestmannaeyjadeild zoom- netfundi
Guðrún Elín Björnsdóttir Norðurlandsdeild vestri zoom- netfundi
Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, Norðurlandsdeild eystri zoom- netfundi
Helga Sveinsdóttir, Austfjarðadeild zoom- netfundi
Helga S. Sveinsdóttir, Suðurlandsdeild zoom- netfundi
Inga Lilja Sigmarsdóttir, Vesturlandsdeild zoom- netfundi
Jóhanna G. Þórðardóttir, Vestfjarðadeild zoom- netfundi
Matthildur Ólöf Guðmundsdóttir, Suðurnesjadeild, varmaður zoom- netfundi
Ólöf Jóna Friðriksdóttir varamaður í framkvæmdastjórn viðstödd
Jakobína Rut Daníelsdóttir, varamaður í framkvæmdastjórn viðstödd
Þórhildur Una Stefánsdóttir formaður Reykjavíkureildar zoom- netfundi

Fundarritun:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ og
Jóhanna Traustadóttir ritari SLFÍ

Dagskrá

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Kjarasamningar og kjaraviðræður
4. Tímalína kjarasamninga
5. Fagháskólanám – undirbúningur að nýrri námsleið
6. Undirbúningur fyrir fulltrúaþing
7. Ársreikningar og fjárhagsáætlun
8. Ársskýrsla
9. Lagabreytingatillögur sem lagðar verða fyrir þingið
10. Ályktanir þingsins
11. Stefnumótun til framtíðar
12. Beiðni um flutning milli svæðisdeilda
13. Kynningaráætlun SLFÍ
14. Kynning á stöðu styttingar vinnuvikunnar

Önnur mál

Fundargerð

1. Fundur settur

Sandra B. Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands bauð fundarmenn velkomna á fundinn og fór yfir fyrirkomulagið á þessum fundi sem fer að hluta til í gegnum zoom fjarfundi. SBF fór yfir að framkvæmdastjórninn og varamenn hennar sitja fundinn á staðnum.

2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.

3. Kjarasamningar og kjaraviðræður

SBF fór yfir að illa gengi að ná samningum við samninganefnd SFV. Fram kom að kjaramálanefnd SLFÍ krefðist þess að gengið yrði frá í bókun að stofnanasamningurinn uppfærðist í maí 2021 þannig að í honum væri tryggt að byrjunarlaun sjúkraliða verði hærri en byrjunarlaun félagsliða. Næsti fundur er 3. september. SBF fór yfir að langlundageð sjúkraliða og fulltrúa í kjaramálanefnd væri að breyta og huga þyrfti að næstu skrefum.

4. Tímalína kjarasamninga

SBF fór yfir þá vinnu sem framkvæmdastjórn vann í sumar varðandi uppsetningu á tímalínu þar sem fram kemur hvaða launabreytingar komi inn á hvaða tíma. GÖG og JJS munu vinna áfram með útfærsluna.

5. Fagháskólanám - Undirbúningur að nýrri námsleið

SBF fór yfir að mjög vel gengi að undirbúa komandi fagháskólanám sjúkraliða og undirbúningsnám. Núna á þessu ári byrjar undirbúningsnámið við Háskólann á Akureyri og haustið 2021 hefst svo 60 eininga diplómanámið. Verkefnahópurinn er að vinna við og ljúka gerð námskrár og ítarlegra lýsinga á öllum námskeiðum/námsáföngum sem verða í boði í náminu og á þessari vinnu að ljúka fyrir 1. október n.k. SBF og BÓ eru búnar að setja fram námslýsingu í einum áfanganum. Formaður í verkefnahópnum er Arnrún Halla Arnórsdóttir, en Áslaug Lind Guðmundsdóttir er starfsmaður nefndarinnar.

KÓ spurði hvort komið hafi fyrirspurn frá atvinulífinu um hvaða menntun sjúkraliðar hafi að loknu námi og hversu víðtækt starfssvið þeirra yrði. SBF svarar því að ekki hafi nein slík fyrirspurn komið, en talaði um að nauðsynlegt sé að upplýsa stjórnendur vel um þetta nám og innihald þess þannig að sértæk staða verði til fyrir sjúkraliðana að sækja um.

HSS suðurlandi spurði hvort stefnt væri að hefja námið í haust 2021. SBF sagði að á það væri stefnt og inn yrðu teknir 20 sjúkraliðar haustið 2021 og síðan á hverju ári eftir það.

SBF fór yfir niðurstöður úr áhugakönnuninni á náminu en 643 sjúkraliðar tóku þátt í henni 66% vilja hefja námið strax næsta haust, 42% vilja fara í öldrunar- og heimahjúkrunarnám.

Hafdís spyr um það hverjir munu velja inn í námið? SBF segir að það sé ekki klárt, en telur líklegt að það verði fulltrúar/sérfræðingar skólans sem geri það eftir ákveðnum fyrirbyggjandi reglum/áherslum.

6. Undirbúningur fyrir fulltrúaþing

SBF gerði grein fyrir að öll gögn væru klár og komin til þingfulltrúa, dagskrá liggur fyrir og tillögur um starfsmenn þingsins. Þingið verður rafrænt og streymt á lokaðan hóp trúnaðarmann á facebook. Kosning um ákveðna dagskrárliði fer fram rafrænt og verða allir að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum til að geta tekið þátt í kosningunum. Reikna að er með að framkvæmdastjórn og Erla Bára formaður eftirlaunadeildar muni sitja fundinn, en húsrúm leyfir ekki fleiri viðstadda þátttakendur. Fulltrúaþingið mun verða með hefðbundnu sniði að því undarskyldu að því verður í streymt.

JJS fór yfir endurskoðaða og samþykkt ársreikningana sem endurskoðandinn og félagskjörnu endurskoðendurnir hafa farið yfir og samþykkt. Ýmsir liðir voru ræddir án athugasemda. Farið var yfir tillögur gjaldkera um félagsgjöld og hámarksgreiðslur/pak á félagsgjöldum. Félagsstjórn styður tillögu gjaldkera og verður hún lögð fyrir fulltrúaþingið. Einnig var farið yfir fjárhagsáætlun og var hún samþykkt og verður einnig lögð fyrir þingið.

Hafdís spurði hvers vegna félagsnælan sé eign félagsins þegar sjúkraliðar eru búnir að kaupa hana og velti því upp hvort ekki megi breyta þessu í lögnum. KÓ bendi á að þetta sé í rauninni leigugjald því bara lærðir sjúkraliðar mega bera næluna. SBF sagði að út frá því að búið væri að leggja fram tillöguna til laganefndar yrði þessi umræða að koma síðar og lagði til að félagsstjórinn myndi ræða þetta næst þegar hópurinn hittist. Allir samþykkir því.

7. Ársreikningar og fjárhagsáætlun

- JJS fór yfir reikninga félagsins og skýrði nánar ýmsa liði og svaraði fyrirspurnum. Í þeirri yfirferð kom fram að félagsgjöld höfðu lækkað á milli ára, en útgjöld voru einnig lægri milli ára. JJS taldi sjóði félagsins vera í góðu jafnvægi og standi vel undir fjárhagslegum kröfum næsta árs. JJS fór yfir fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár en gert er ráð fyrir eðlilegri vísitölupróun á útgjöldum sjóðanna. Engar athugasemdir gerðar við skýringar gjaldkera.
- JJS lagði fram tillögu að fagfélagsgjöldi verði óbreytt 1,4% af öllum launum, lagði einnig til að fagfélagsgjöld yrðu óbreytt 10,000.- fyrir árið 2020. JJS lagði til að stéttafélagsgjöld hvers sjúkraliða verði að hámarki kr. 103.000 krónur fyrir árið 2020 og er það uppreiknað í samræmi við launapróun og er gert ráð fyrir 11% launahækkun.
- GÖG fór yfir reikninga orlofssjóðs og stöðu hans, en staða hans er góð þó að leigutekjur hafi lækkað milli ára. GÖG fór yfir fjárhagsáætlun næsta árs en áætluð er smá hækkun. GÖG sagði frá því að orlofsnefnd hefuri ákveðið að selja

íbúðina í Safamýri, en ástæðan fyrir því er að hún er ekki nógu vinsæl og félagsmen hafa kvartað undan staðsetningu íbúðarinnar. Stjórn Orlofssjóðs hefur ákveðið að gera tilboð í eign á Kirkjusandi í staðin og er hún öll hin glæsilegasta og er lyfta í húsinu og allt aðgegni er mjög gott. Hafdís veltir því fyrir sér hvort það séu svalir á íbúðinni á Kirkjusandi og fram kom að svo væri. GÖG sagði einnig frá því að í kortunum væri að kaupa aðra íbúð á Akureyri vegna væntanlegrar aukningar á þörf vegna fagháskólanámsins sem hefst haustið 2021. KÓ spyr hvort mögulegt sé að gera samning um herbergi á hóteli eða gistihúsi þar sem ákveðin þjónusta væri í boði og verðu það kannað.

8. Ársskýrsla

Sandra B. Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands fór yfir ársskýrslu SLFÍ. SBF sagði frá því að skýrslan verði eingöngu gefin út í rafrænu formi.

9. Tillögur sem lagðar eru fyrir þingið – lagabreytingar

SBF fór yfir þær tillögur um lagabreytingar sem bárust til laganefndar í vor. Ein tillaga barst sem kom frá framkvæmdastjórn og er um uppfærslu á lögum félagsins, sem komin var tími á að uppfæra ýmis atriði m.a. vegna breytinga á starfsemi félagsins. Engar athugasemdir komu frá laganefnd um tillöguna, né félagsstjórn.

10. Ályktanir þingsins

SBF fór yfir tillögur að ályktunum sem leggja á fram á Fulltrúapingi SLFÍ 10. september n.k. Fram kom að ályktanirnar væru í lengra lagi, en unnið yrði upp úr þeim fréttir fyrir fjölmiðla til birtingar. Ályktað verður um fagháskólanám, fagrað áður hjúkrunarráð, forgangsrétt sjúkraliða til sjúkraliðastarfa og mönnunarstefnu. Mikil umræða var um drögin og voru allir sammála um að ályktanirnar tækju á því helsta sem hvíldi á sjúkraliðum á þessum tíma.

SBF sagðir frá því að ekki væru drög að ályktun um kjaramál þar sem SLFÍ sé búið að semja við flesta stærri viðsemjendur nema SFV, en þeir samningar líta út fyrir að vera að á leið í höfn. Ákveðið að álykta ekki sértækt um kjaramál.

11. Stefnumótun til framtíðar

Málið rætt og allir sammála um að lifandi félag eins og SLFÍ þyrfti stöðugt að vaka yfir stefnu félagsins og uppfær í takt við breytt samfélag og áherslur félagsins og félagsmanna. Málið rætt og framkvæmdastjórn falið að vinna málið áfram.

12. Beiðni um flutning milli svæðiseilda

SBF fór yfir að sjúkraliðar frá Hvammstanga hafi óskað eftir að vera fluttir aftur í Norðurlandsdeild vestri úr Vesturlandsdeildinni, en ástæðan fyrir því er að þá eigi þær auðveldara með að mæta fundi. Fram kom að eingöngu eru fjórir sjúkraliðar sem skrifa undir þessa beiðni af töluvert stærri hóp. Málið rætt og ákveðið að það verði skoðað nánar og ákvörðun tekin um hvort staðan sé sú að allir sjúkraliðarnir á Hvammstanga vilji færa sig á milli og í framhaldi af því verði ákvörðun tekin.

Málið rætt og ákveðið að kanna það frekar og í framhaldi taka ákvörðun, en fram kom hjá formönnum viðkomandi deilda að ekki væri gerður ágreiningur um málið ef sjúkraliðahópurinn vill færa sig aftur til baka. Formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna áfram með málið.

13. Kynningaráætlun SLFÍ.

SBF sagði frá hugmyndum um form sem héldi utan um umfjallanir félagsins um ákveðin efni og umfjöllun um málefni félagsins í fjölmiðum. Áætlunin er í vinnslu og verður þróuð áfram.

14. Kynning á stöðu styttingar vinnuvikunnar.

GÖG fór yfir efni frá BSRB um hver staðan er í dag varðandi styttingu vinnuvikunnar hjá dagvinnufólki og síðar hjá vaktavinnufólki. Komið hefur fram að mikill misskilningur er varðandi þessi mál hjá stjórnendum og er von um að vinnuhópurinn vinni þetta vel og komi skiljanlega frá sér.

Fram kom að félagið vilji fá upplýsingar frá landshlutadeildunum um innleiðinguna og ef eitthvað er ekki í takt við samkomulagið verði tekið á hverju máli fyrir sig.

SBF minnir á að um styttingu dagvinnu sé að ræða og að vinnuhópurinn um styttingin vaktavinnu komi seinna þ.s. sú stytting eigi að ganga í garð í maí 21. Búið er að skipa stýrihóp með fulltrúum beggja aðila þ.e. frá vinnuveitendum og fulltrúum bandalaga/stéttarféлага.

GÖG bendir á að trúnaðarmannafundurinn sem BSRB ætlaði að halda þ.s. upplýsa átti trúnaðarmenn um mikilvæg atriði styttingarinnar hafi verið aflýst vegna COVID.

Önnur mál.

- SBF kom á framfæri beiðni frá Birnu Ósk um að formenn deildanna sendi inn mynd af sínum stjórnnum ásamt formanni, einnig myndum af félagsstarfi í deildunum.
- BÓ biður um upplýsingar varðandi óskir sjúkraliða um námskeið.
- Helga formaður Suðurlandsdeildar bendir á að þetta er afmælisár Suðurlandsdeildar, en deildin hefur þurft að hætta við alla þá viðburði sem áttu að vera. Helga nefnir að hugmynd hafi komið fram að vekja athygli á sjúkraliðum og afmæli deildarinnar í fjölmiðlum og blöðum á suðurlandi.
- SBF leggur til að haldnir verði zoom félagsstjórnarfundi varðandi ákveðin málefni einu sinni í mánuði meðan coovid gengur yfir. Allir sammála.
- GÖG fór yfir gerðardóm hjúkrunarfræðinga, en margt jákvætt í honum styður við kröfur sjúkraliða um uppfærslu stofnanasamninga, en sum atriði í þessum gerðardómi eru öllu verri.
- GÖG fór yfir að Embætti landlæknis hafi nýverið hafnað sjúkraliða um leyfisbréf þ.s. hann hafði ekki starfað við fagið í einhver ár. Málið hefur farið til Gísla Guðna Hall lögmanns sem kært hefur niðurstöðuna til Heilbrigðisráðuneytisins og er það í skoðun þar.
- GÖG fór yfir fleiri mál sem eru í höndum lögmanns félagsins.

- SBF leggur til að félagsstjórnin hittist aftur í október á stuttum zoom fundi. Allir sammála.

Fundi slitið kl. 13:40